

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-41/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. maí 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á hleðslurafhlöðu af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að rafhlaðan hafi verið haldin galla og krefst þess að seljandi bæti honum það tjón sem hann hefur orðið fyrir.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 19. júní 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust andsvörin þann 20. júní 2019. Neftndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 16. desember 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á rafstýrðum hægindastól af gerðinni Mobius af seljanda þann 13. mars 2017. Álitsbeiðandi keypti einnig áklæðisvörn ásamt hleðslurafhlöðu fyrir stólinn af gerðinni Li-ion Battery Pack KDDY022. Alls greiddi álitsbeiðandi 124.720 krónur en fyrir hleðslurafhlöðuna greiddi álitsbeiðandi 22.000 krónur.

Álitsbeiðandi segir að rafhlaðan hafi hætt að virka í maí árið 2019 eftir að hann hafði hlaðið rafhlöðuna í aðeins fimm skipti. Álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi bæti honum það tjón sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Seljandi hefur hins vegar hafnað kröfu álitsbeiðanda og vísað til þess að meira en tvö ár séu liðin frá kaupunum.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum tekur seljandi fram að tveggja ára ábyrgð sé á hleðslurafhlöðunni. Seljandi kveðst hafa boðið álitsbeiðanda nýja hleðslurafhlöðu með 30% afslætti á 20.860 krónur. Seljandi tekur fram að hleðslurafhlaðan hafi lent í tjóni á tveimur stöðum sem valdið hefur dæld á einum stað og rispu á öðrum stað. Kveðst seljandi vilja afhenda álitsbeiðanda nýja rafhlöðu á hálfvirði, eða á 14.900 krónur.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi rafknúinn hægindastól ásamt hleðslurafhlöðu af seljanda þann 13. mars árið 2017. Álitsbeiðandi greiddi 22.000 krónur fyrir hleðslurafhlöðuna. Um tveimur árum og tveimur mánuðum eftir kaupin, í maí 2019, bilaði

hleðslurafhlaðan. Álitsbeiðandi telur að hleðslurafhlaðan hafi verið haldin galla við kaupin og krefst þess að seljanda verði gert að bæta honum tjónið. Seljandi hefur hafnað þeirri kröfu þar sem meira en tvö ár voru liðin frá kaupunum þegar hleðslurafhlaðan bilaði.

Í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) segir:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.“

Rúmlega tvö ár voru liðin frá kaupunum þegar álitsbeiðandi tilkynnti seljanda um bilun í hleðslurafhlöðunni. Kemur því til skoðunar hvort hleðslurafhlaða geti talist söluhlutur sem „er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ í skilningi framangreindrar 2. mgr. 27. gr.

Kærunefndin bendir á að endingartími hleðslurafhlaða geti verið nokkuð breytilegur án þess að um galla sé að ræða í þeim tilfellum sem endingartíminn er stuttur. Hefur til að mynda mikil áhrif á endinguna hvernig rafhlaðan hefur verið notuð og hvernig farið hefur verið með hana. Kærunefndin telur sér því ekki fært að líta svo á að hleðslurafhlöðum beri að endast lengur en almennt gerist um söluhluti í skilningi 2. mgr. 27. gr. nkpl.

Samkvæmt framangreindu var tilkynningarfrestur vegna galla liðinn þegar álitsbeiðandi tilkynnti seljanda um galla í hleðslurafhlöðunni tveimur árum og tveimur mánuðum eftir kaupin. Verður kærunefndin því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VI Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson